LÖG

40
19. maí

um

breyting á siglingalögum, nr. 56, 30. nóv. 1914.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

32. gr. laganna orðist þannig:

Hafa skal skipstjóri á skipi öll nauðsynleg skipsskjöl og eintak af lögum þessum og sjómannalögunum og þeim reglugerðum og fyrirskipunum, sem gerðar hafa verið samkvæmt þeim.

2. gr.

Tilvitnanirnar til 52., 108. og 50. gr. í 4. málsgr. 42. gr. laganna falli niður.

3. gr.

176. grein laganna orðist þannig:

Skyldir eru farþegar að fara að öllu eftir fyrirmælum þeim, sem gerð eru um góða háttsemi og reglu á skipinu.

Ákvæði 54. og 61. gr. sjómannalaganna taka og til þeirra.

4. gr.

Fyrri málsgrein 254. gr. laganna orðist þannig:

Ef skipstjóri hefir ekki á skipinu eitt eintak af lögum þeim, reglugerðum og fyrirskipunum, sem getur í 32. gr., sætir hann allt að 100 króna sektum.

5. gr.

255. gr. laganna orðist þannig:

Vanræki skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri það, sem þeim er boðið í 41.—44. gr. og 48. gr. laga þessara, sbr. 45.—48. gr. sjómannalaganna, um skráning í leiðarbók, dagbók eða vélarbók, geymslu þeirra og sýningu, varðar það 10—500 króna sektum.

Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri með vilja ritað rangt leiðarbók, dagbók eða vélarbók, eða ónýtt hana með öllu af ásettu ráði, dregið

40 19. maí

hana undan eða gert ólæsilega, varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að tveimur árum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

264. gr. laganna orðist þannig:

Hafi skipstjóri orðið sekur um brot gegn síðari málsgr. 255. gr., eða gegn niðurlagsákvæði 259. gr., eða 1. málsgr. 260. gr. eða gegn 261. gr., þá má ákveða í refsidóminum, að dómfelldi ennfremur skuli sviptur rétti til skipstjórnar, um ákveðinn tíma eða ævilangt. Skal þá jafnframt taka fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal, svo fljótt sem unnt er, senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum, svo og skipstjóraskírteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskírteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn, og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

7. gr.

279. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 258. gr. og í upphafsákvæði 259. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn nema sá krefjist þess, er misgert var við.

Mál út af brotum gegn niðurlagsákvæði 259. gr. eða gegn 260., 261. eða 262. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er manntjón hlauzt af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefir verið umsagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.